

## GJALDSKRÁ

### fyrir hirðingu, móttöku og eyðingu sorps í Dalabyggð.

## 1. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar er heimilt, í samræmi við 7. gr. samþykktar nr. 171/1995 um sorp-hirðu í Dalabyggð, að leggja á sérstakt gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps (sorp-gjald) í Dalabyggð.

## 2. gr.

Gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps er árlega sem hér greinir:

- |                                       |            |
|---------------------------------------|------------|
| a) Íbúðir í þéttbýli                  | kr. 28.960 |
| b) Aukasorpilát í þéttbýli            | kr. 14.380 |
| c) Íbúðir í dreifbýli og frístundahús | kr. 14.900 |

Gjald þetta skal innheimta með fasteignagjöldum ár hvert.

## 3. gr.

Gjaldskrá söfnunarstöðvar í Búðardal er sem hér segir:

<i>Flokkur</i>	<i>kr./kg m.vsk.</i>
Pressanlegur úrgangur	16,48
Ópressanlegur úrgangur	24,73
Málað timbur eða plasthúðað	24,73
Óflokkaðir málmar	4,14
Blandaður pappír	18,16
Dagblöð og tímarit	18,16
Plastumbúðir, harðplast	16,48
Fatnaður	16,48

	<i>m<sup>3</sup></i>	<i>kr. m.vsk.</i>
Móttökugjald fyrir einstaka farma	0,25	867
	0,5	1.734
	0,75	2.600
	1	3.467

Gert er ráð fyrir að komið sé með flokkað sorp á söfnunarstöðina að öðrum kosti greiðist 20% álag á ofangreint verð.

Ekki er innheimt gjald af íbúum sem koma með tilfallandi úrgang frá heimilum sínum í hóflegu magni (< 3 m<sup>3</sup> í hvert skipti).

Fyrir atvinnurekstur skal ávallt greitt fyrir móttöku og flokkun á söfnunarstöðinni.

## 4. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 13. desember 2012 staðfestist hér með samkvæmt stöð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1267/2011.

*Búðardal, 2. janúar 2013.*

**Sveinn Pálsson** sveitarstjóri.